

Heimspækilegar samræður

Sagt er, að þessi óvildarmaður bónda hafi verið göldróttur og hafi ætlað að nota galdra sína við bónda og drepa hann með brögðum.

Af hverju átti bóndinn óvildarmann?

Hvað er að vera göldróttur?

Erum við göldrótt? – Af hverju?

Hvað er að beita brögðum?

Höfum við beitt brögðum? – hvenær? Hvernig brögðum?

Hún segir, að hann geti lagt sig í rúmið fyrir ofan sig, svo geti hún setið framan á hjá honum.

Af hverju vill hún sitja við rúmstokkinn hjá honum?

Hvað er að sofa?

Hvernig finnst okkur best að sofa?

Hvað gerum við áður en við förum að sofa?

Hann kvaðst vera komin til að drepa manninn hennar. Hún segir að hann, svo lítill angi, geti það ekki.

Af hverju vill strákhnokkinn drepa manninn hennar?

Hvernig bregst konan við?

Hvernig myndum við bregðast við ef einhver kemur og segist ætla drepa einhvern nákominn okkur?

Hvað gætum við gert ef við myndum lenda í sama og konan?

Hvað finnst okkur um að drepa?

Hvað er að deyja?

Hvað gerist þegar við deyjum?

Hún segir hann skuli láta sjá og gjöra það. Hann fer ofan í glasið, en hún þrífur þá tappa, setur hann í og bindur líknabelg yfir, og nú komst drengnokkinn ekki upp úr glasinu, því líknarbelgurinn var yfir.

Af hverju fer þúkinn ofan í glasið?

Af hverju lokar konan þúkann inni?

Af hverju kemst þúkinn ekki aftur upp úr glasinu?

Hvað myndum við gera með þúkann?

Hvað er að gabba einhvern?

Bóndinn tekur við og segir um leið, að hann hafi vitað, að hann ætti góða konu, en ekki vitað eða ímyndað sér, að hann ætti svo góða sem hann sæi hún væri.

Af hverju finnst bónda að hann eigi góða konu?

Hvað hélt bóndi að myndi gerast á meðan hann var sofandi?

Hvernig leið bóndanum þegar hann vaknaði á lífi?

Hvað er að vera þakklátur?

Hvenær erum við þakklát?

Hvernig sýnum við að við erum þakklát?